

# Er menntun framtíðarauður Íslands?

## Hvað er menntun?

Mikið hefur verið rætt um menntun að undanfögnu. Í þessari umræðu hefur þó lítið farið fyrir vangaveltum um hvers virði menntunin er þjóðinni og hver staða hennar er í atvinnulífinu.

Menntun er óáþreifanleg afurð. Í tímans rás hefur hún verið byggð upp og endurnýjuð með skipulögðum hætti innan menntastofnana og með óskipulögðum hætti úti í þjóðfélaginu. Afurðin menntun er hluti þeirra aðfanga sem með beinum eða óbeinum hætti ganga inn í framleiðslu sem skilar nýjum afurðum í formi vöru eða þjónustu. Menntun er t.d. eitt af aðföngum í matvælaframleiðslu. Það má segja að menntun sé á meðal aðfanga í nánast öllum framleiðsluferlum, aðeins í mismunandi miklum mæli. Til dæmis er menntun hlutfallslega stór framleiðsluþáttur við hugbúnaðargerð, lyfjaiðnað og listsköpun, en hlutfallslega lítil í hefðbundnum fiskiðnaði og orkuvinnslu.

Samkvæmt *Orðabók Menningarsjóðs* þá er auðlind skilgreind sem *uppspretta auðs*. Á sama hátt og fiskistofn er uppspretta auðs í formi aðfanga og afurða er menntun það líka. Þar af leiðandi er óhætt að líta á menntun sem auðlind.

## Nýting menntunar

En hvernig verður hagkvæmstu nýtingu auðlindarinnar best lýst. Til að svara þessu þarf að skoða málið bæði frá sjónarhorni auðlindarinnar og arðseminnar.

Auðlindum er gjarnan skipt í endurnýjanlegar og óendurnýjanlegar. Í ljósi þess er menntun endurnýjanleg auðlind. Við stjórnun endurnýjanlegra náttúruauðlinda á borð við bolfisk eru flestir fræðimenn sammála um að hagkvæmst þjóðfélagsleg nýting sé sú sem jafngildi hreinni endurnýjun stofnsins. Menntun er hinsvegar auðlind sem er þeim kostum gædd að frekari nýting rennir styrkari stöðum undir hana og óhætt er að fullyrða að hana megi nýta “að fullu”. Þetta er vegna þess eiginleika menntunar að sá sem lætur hana af hendi tapar henni ekki.

Almennt gildir, að því nær sem framleiðandinn kemst neytandanum því mun meira eykst sá virðisauki sem hann uppsker. Þær þjóðir sem mynda hlutfallslega mestu útflutningsverðmæti sín í fullunnum vörum sýna fram á mun meiri hagvöxt en ella (sbr. kenningar Krugmans). Til þess að auka hlut fullunninna vara í útflutningi þarf sérhæft og betur menntað vinnuafn. Þar af leiðir bendir margt til þess að hagvöxt þjóða mætti auka með því að auka hlut menntunar meðal aðfanga atvinnuveganna.

Hver er þá staða og horfur á Íslandi hvað varðar menntun? Er menntun sú auðlind sem við viljum eða ætlum að byggja framtíð þjóðarinnar á? Hér að neðan munum við ræða þá spurningu út frá þremur mismunandi sjónarhornum.

## Framboð menntunar.

Fellur það framboð af menntun sem við búum við í dag og til lengri tíma lítið að þeirri eftirspurn sem menntunarfreakir atvinnuvegir gera? Eða verðum við áfram að reiða okkur á önnur aðföng, svo sem orku, hráefni og vinnuafn sem meginaðföng framleiðslunnar og þar með treysta á hráefnis-, orku- eða vinnuafnsfreakir atvinnugreinar?

Við Íslendingar viljum gjarnan líta á okkur sem vel menntaða þjóð. Það kemur því nokkuð á óvart að Ísland er í 6 sæti - neðan frá talið - á lista yfir vegið meðal-

menntunarstig (educational attainment) vinnuafis 21 OECD þjóða (sjá töflu). Við erum í 16. sæti, aðeins Írland, Ítalía, Spánn, Tyrkland og Portúgal eru neðar en við. Hvað háskólamenntun varðar þá eru Íslendingar í 3. sæti. Hins vegar vantar mjög mikið upp á að menntun á framhaldsskólastigi sé sambærileg við aðra, ef til vill sérstaklega í iðn-, tækni- og listgreinum, en það er sú menntun sem víða erlendis ber uppi framleiðsluna. Hér höfum við í grófum dráttum háskólamenntaða ríkisstarfsmenn (embættismenn) annars vegar og lítt menntað vinnuafil hinsvegar. Sá menntunarförði hentar atvinnuvegunum afar illa.

Vegið meðal menntunarstig vinnuafis OECD þjóða 1991 (Þjóðhagsstofnun, 1996)		
Land	Vegið meðaltal	Háskólamenntun eingöngu
Bandríkin	219,7	26,0
Kanada	216,0	18,7
Noregur	204,0	14,7
Þýskaland	203,6	14,5
Sviss	201,0	9,6
Svíþjóð	194,2	13,9
Ástralía	186,9	12,3
Bretland	181,7	12,4
Danmörk	179,9	13,3
Nýja Sjáland	178,6	12,5
Finnland	178,1	11,6
Holland	175,7	8,5
Austuríki	174,0	8,0
Frakkland	165,7	10,8
Belgía	162,6	12,5
<b>Ísland</b>	<b>160,0</b>	<b>16,0</b>
Írland	156,1	9,5
Ítalía	134,3	7,0
Spánn	131,7	10,7
Tyrkland	124,0	7,6
Portúgal	111,1	3,0

### Eftirspurn menntunar.

Er framboð annarra aðfanga en menntunar, þ.e. framboð hráefnis, orku og vinnuafis það mikið, á það lágu verði, að það fullnægi þeirri arðsemiskröfu sem við gerum til framleiðslunnar, þannig að lítil þörf er á eða eftirspurn eftir menntun frá atvinnuvegunum?

Er nokkur þörf á breytingum meðan við náum settu marki hvað varðar arðsemi eða tekjur? Við höfum byggt upp velferðarkerfi með nýtingu náttúruauðlinda, sem eru með því mesta á íbúa sem þekkest. Aukin verðmæti eru fengin með meira magni, t.d. fleiri tonn fiskjar, eða virkjuðum fallvötnum, en ekki með óáþreifanlegum aðferðum svo sem vöruþróun, markaðsstarfi og hönnun sem krefst menntunar sem aðfangs.

Áhrif okkar gjöfulu náttúruauðlinda, orku og fiskimiða, eru þverstæðukennd. Þær hafa gefið okkur gífurlegan arð til að byggja upp nútímalegt þjóðfélag en um leið dregið úr þörfinni á að byggja upp atvinnuvegi sem nota menntun sem meginádfang.

### **Sögulegt sjónarhorn.**

Hefur hin öra þróun á tiltölulega skömmum tíma úr bændasamfélagi valdið því að þjóðin hefur ekki enn lært að nýta hugvitsauð eða menntun sem þátt í framleiðslunni? Með öðrum orðum, hefur ríkjandi viðhorf, venjur og gildismat ekki viðurkennt eða ekki samþykkt að menntun geti verið mikilvægur þáttur í framleiðslunni? Framleiðslan skal byggjast á náttúruauðlindum og vöðvaafli en ekki hugviti og menntun.

Verkmenntun og menntun almennt hefur aldrei verið hátt skrifuð hér á landi. Háskólamenntun var löngum bundin við embættismenn, sem lítið komu nálægt framleiðslu í hefðbundnum skilningi. Bókvitið verður ekki í askana látið, segir máltækið. Þetta viðhorf til menntunar hefur loðað við þjóðina og mótað gildismat hennar og er áberandi enn í dag. Hve hratt það breytist, og í hvaða átt er erfitt að spá um eða hafa áhrif á, en hér hljóta skólarnir og menntastofnanir að skipta miklu og hvernig búið er að þeim. Kannski má segja að menntastefna stjórnvalda á hverjum tíma endurspegli viðhorf þjóðarinnar til menntunar, og því erum við enn einu sinni stödd í þversögn. Viðhorfin móta menntastefnuna og menntastefnan mótar viðhorfin.

### **Niðurstaða**

Ef til vill er niðurstaða þessara vangaveltna sú að menntun er ekki sá framtíðarauður sem við höfum oft í blindni freistast til að halda og það er fátt sem bendir til þess í dag að menntun verði það í framtíðinni. Við getum samt ekki annað en trúað því að enn sé tækifæri til að bæta hér úr, tækifæri sem er tvíþætt. Við þurfum í fyrsta lagi með einhverjum ráðum að auka framboð nothæfrar menntunar fyrir atvinnulífið. Í öðru lagi þurfum við að nota næsta góðæri, þegar geta og metnaður er í hámarki, til að byggja upp atvinnugreinar þar sem menntun er ráðandi þáttur aðfanga.

Þjarni Jónsson, rekstrarhagfræðingur, aðjúnkt Samvinnuháskólanum á Bifröst  
Vifill Karlsson, þjóðhagfræðingur, aðjúnkt Samvinnuháskólanaum á Bifröst